

9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 51 29. maí 1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 51 29. maí 1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1986.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

ERINDISBRÉF

**fyrir dýralækni fisksjúkdóma, (sbr. lög nr. 61/1985
um breyting á lögum nr. 77/1981 um dýralækna).**

1. gr.

Dýralæknir fisksjúkdóma hefur sömu skyldur og réttindi og héraðsdýralæknir.

2. gr.

Dýralæknir fisksjúkdóma skal með almennri fræðslu og leiðbeiningarstarfi leitast við að auka skilning manna á fiskskjúkdómum, vörnum gegn þeim og því tjóni, sem þeir geta valdið. Hann skal ásamt héraðsdýralæknum hafa samvinnu við fisksjúkdómanefnd um reglubundið eftirlit með öllum þeim stöðvum sem heimild hafa til að stunda klak- og fiskeldi. Jafnframt skal hann í samráði við sérfræðing í fisksjúkdómum við Tilraunastöðina á Keldum veita héraðsdýralæknum aðstoð og leiðbeiningar við eftirlit, sýnatöku o. a. eftir því sem þörf krefur.

Dýralæknir fisksjúkdóma skal hafa frjálsan aðgang að öllum mannvirkjum klak- og eldisstöðva og skulu stöðvar þessar láta af hendi sýni án endurgjalds og jafnframt veita nauðsynlega aðstoð og upplýsingar við eftirlit og sýnatöku.

3. gr.

Dýralæknir fisksjúkdóma skal hafa samstarf við sérfræðing í fisksjúkdómadeild við Tilraunastöð Háskólans að Keldum um rannsóknir sýna, sem og aðrar rannsóknir sem nauðsynlegar kunna að vera vegna fisksjúkdóma þegar þeir gera vart við sig.

4. gr.

Þegar upp kemur sjúkdómur í klak- eða eldisstöð eða grunur leikur á að um sjúkdóm sé að ræða, skal umráðamaður stöðvarinnar tilkynna það dýralækni fisksjúkdóma eða viðkomandi héraðsdýralækni. Skal þá dýralæknir fisksjúkdóma hlutast til um frekari rannsókn og hafa forustu um nauðsynlegar varnaraðgerðir eða úrbætur í samráði við fisksjúkdómanefnd og ráðunaut hennar, sérfræðing í fisksjúkdómum við Tilraunastöðina á Keldum og viðkomandi dýralækni.

5. gr.

Þegar staðfestur hefur verið smitsjúkdómur í klak- og eldisstöð skal dýralæknir fisksjúkdóma leita samráðs við fisksjúkdómamefnd um nauðsynlegar aðgerðir og skal hann hafa yfirumsjón með þeim sóttvarnaaðgerðum sem mælt er fyrir um, hverju sinni.

6. gr.

Dýralæknir fisksjúkdóma skal að staðaldri halda skrá yfir klak- og eldisstöðvar í landinu. Þar skal tilgreina aðstöðu og búnað þeirra, vatnsból, uppruna stofnfiska, kaup og sölu á hrognum og seiðum og annað sem kynni að skipta máli varðandi smitsjúkdóma og dreifingu þeirra.

Árlega skal hann gera yfirlit um heilsufar fiska og fisksjúkdóma sem staðfestir hafa verið og varnaraðgerðir gegn þeim. Afrit af yfirliti þessu skal vera tiltækt á fisksjúkdóma-deild Tilraunastöðvarinnar að Keldum.

7. gr.

Kostnaður við ferðir, sýnatöku eftirlit dýralæknis fisksjúkdóma með klak- og eldisstöðvum skulu viðkomandi stöðvar greiða, í samræmi við gjaldskrá sem landbúnaðarráðuneytið setur.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt lögum um dýralækna nr. 77/1981, sbr. lög nr. 61/1985 og tekur gildi þegar í stað.

Þetta birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Reykjavík, 20. febrúar 1986.
Páll S. Pálsson.

Erindisbréf þetta staðfestist hér með.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. febrúar 1986.

Jón Helgason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. febrúar 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur. Stofnandi er Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er nú kr. 70 000,00 — sjötíu þúsund krónur.